

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F1/2026

Reykjavík, 2. febrúar 2026

Fangelsið Hólmsheiði
Halldór Valur Pálsson forstöðumaður
Nesjavallaleið 9
161 Reykjavík

Fangelsismálastofnun
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnesi

Líkt og kunnugt er hafa starfsmenn á vegum OPCAT-eftirlits umboðsmanns Alþingis að undanfögnu heimsótt Fangelsið Hólmsheiði í nokkur skipti í tengslum við yfirstandandi úttekt á fangelsinu, fyrst í maí sl. og nú aftur í janúar. Umboðsmaður hefur jafnframt óskað eftir gögnum og upplýsingum frá fangelsinu vegna úttektarinnar og hefur stærstur hluti þeirra þegar borist embættinu.

Á meðal þess sem kemur til athugunar við OPCAT-eftirlitið eru ákvarðanir sem teknar eru af fangelsinu og lúta að réttindum og skyldum fanga, s.s. um agaviðurlög, aðskilnað, vistun í öryggisklefa o.fl. Vegna upplýsinga sem komu fram í fyrrnefndum heimsóknum telur umboðsmaður tilefni til þess að óska eftir því, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að veittar verði nánari upplýsingar í tengslum við grundvöll, form og málsmeðferð, tiltekinna ákvarðana.

1. Í heimsókn OPCAT-eftirlitsins í janúar sl. kom fram að fangar gætu verið vistaðir í öryggisklefa þegar þeir væru beittir aðskilnaði á grundvelli 75. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga. Varð ráðið að í þeim tilvikum lægi ekki fyrir formleg ákvörðun um vistun í öryggisklefa, sbr. 3. og 4. mgr. 76. gr. laganna.

Af þessu tilefni er óskað upplýsinga um hvernig tilgreind framkvæmd samræmist ákvæðum 76. gr. laga nr. 15/2016. Jafnframt er óskað eftir afritum af ákvörðunum um aðskilnað **slíðastliðna 6 mánuði** frá dagsetningu þessa bréfs þar sem fangi hefur verið færður í öryggisklefa meðan á aðskilnaði stendur. Séu tilfelli um að slíkt hafi verið gert án þess að formlegar ákvarðanir liggi fyrir, sbr. 3. mgr. 75. gr. laga nr. 15/2016, er óskað eftir skýringum á því.

2. Óskað er eftir afriti af reglum vinnustofu fangelsisins, séu þær fyrir hendi, og upplýsingum um hvort og þá hvaða afleiðingar það hafi fyrir fanga að brjóta reglurnar. Þá er sérstaklega óskað eftir upplýsingum um tímabundna brottvikningu tiltekinna kvenfanga úr vinnu fyrr í mánuðinum, n.t.t. um hvaða einstaklinga ræddi, hvers vegna þeim var meinað að sækja vinnu og hversu lengi. Með tilliti til íþyngjandi áhrifa slíkra ákvarðana er rétt að upplýst verði á hvaða grundvelli umræddar ákvarðanir voru teknar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða ákvarðanir um agaviðurlög í skilningi 74. gr. laga nr. 15/2016 og þá hvernig ákvarðanirnar og málsmeðferð samræmast kröfum lagaákvæðisins. Sé um slíkar ákvarðanir að ræða er óskað eftir afriti af þeim í tilfellum kvennanna. Sé ekki um agaviðurlög að ræða er óskað eftir upplýsingum um hvers eðlis ákvarðanirnar eru og á hvaða grundvelli þær eru reistar, hvort þær hafi verið teknar með formlegum hætti og hvernig þeim var komið á framfæri við umræddar konur.
3. Óskað er eftir afritum af 10 síðustu óskum erlendra kvenfanga um heimsóknir á Hólmsheiði og afgreiðslum þeirra. Jafnframt er óskað eftir 5 síðustu ákvörðunum um takmarkanir á heimsóknum í tilviki þessa hóps, sbr. 46. gr. laga nr. 15/2016. Séu formlegar ákvarðanir ekki fyrir hendi um slíkar takmarkanir er óskað eftir skýringum á því.

Ef einhver þeirra atriða sem spurt er um hér að framan eiga ekki við eða gögn liggja ekki fyrir er óskað eftir að það sé tekið fram og veittar skýringar á því, ef við á.

Vegna viðkvæms eðlis þeirra upplýsinga sem beðið er um er þess óskað að þær verði, ef kostur er og eftir atvikum í samvinnu við Fangelsismálastofnun, afhentar með öruggum rafrænum skráarflutningi (Signet Transfer) eða boðsendar á skrifstofu umboðsmanns. Komi upp einhverjar spurningar er jafnframt velkomið að hafa samband í síma 510-6700 eða með tölvupósti á netfangið opcat@umbodsmadur.is.

Þess er óskað að svör og umbeðin gögn liggi fyrir ekki síðar en 23. febrúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis,

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála
og OPCAT